

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022, Aðalgata.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. október 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 frá 9. júlí 2002.

Breytingin felst í að svæði við vestanverða Aðalgötu, opið svæði til sérstakra nota, verður svæði/lóð fyrir íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. október 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

Þórbergsseturs

(sjálfseignarstofnun án reksturs).

1. gr.

Stofnendur.

Ingibjörg Zophoníasardóttir, kt. 220823-3699, Fjöltnir Torfason, kt. 011052-2749, Þorbjörg Arnórsdóttir, kt. 151153-3219, Steinþór Torfason, kt. 290248-2219, Ólöf Guðmundsdóttir, kt. 150852-4129, Sveitarfélagið Hornafjörður, kt. 590169-4639 og Menningarmiðstöð Hornafjarðar, kt. 550992-2489, stofna hér með sjálfseignarstofnunina *Þórbergssetur*. Aðrir sem gerast stofnaðilar innan árs frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar teljast einnig til stofnenda. Heimili og varnarþing er í Sveitarfélaginu Hornafirði. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð.

2. gr.

Stofnfé.

Stofnendur leggja fram stofnframlög til Þórbergsseturs. Stofnframlög stofnenda eru Ingibjörg Zophoníasardóttir kr. 10.000, Fjöltnir Torfason kr. 250.000, Þorbjörg Arnórsdóttir kr. 250.000, Steinþór Torfason kr. 50.000, Ólöf Guðmundsdóttir kr. 50.000, Menningarmiðstöð Hornafjarðar kr. 10.000 og afrit af skjölum og Sveitarfélagið Hornafjörður kr. 50.000. Auk þess munu stofnendur leggja fram ýmsa muni og eignir sem tengjast fjölskyldu Þórbergs og vinnu og faglegan stuðning við verkefnið. Af stofnfé varðveitist á núgildandi verðlagi kr. 581.000 sem óskerðanlegur höfuðstóll. Stofnfé skal ávaxta með tryggilegum hætti.